

Stefnir er rötgróið íslenskt sjóðastýringarfyrtæki með um 379 milljarða króna í virkri sjóðastýringu í lok árs 2025. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum. Hjá Stefni starfa um 22 sérfræðingar í þremur teyllum við stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Stefnir gefur út ófjárhagslegar upplýsingar í sjálfbærnisráðgjöf sinni í fimmta skiptið fyrir árið 2025 og vill með því hvetja aðra til að gera hið sama og stuðla að gagnsærri upplýsingagjöf varðandi þá mikilvægu þætti sem umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru í starfsemi félagsins.

Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingarkostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem Stefnir vill viðhafa. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna teljum við að félagið geti haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs. Ófjárhagslega upplýsingagjöf skv. 66 gr. d. laga nr. 3/2006 sem og aðra upplýsingagjöf tengda sjálfbærni má nálgast á heimasíðu félagsins en Stefnir vinnur skráningu ófjárhagslegra upplýsinga eftir UFS viðmiðum NASDAQ.

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Stefnir er „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti og hefur verið frá árinu 2012. Stöðugt er unnið að viðhaldi og þróun stjórnarháttanna hjá félaginu og er regluleg endurnýjun viðurkenningarinnar liður í því ferli.

Stefna um sjálfbærni, ábyrgar fjárfestingar og áreiðanleikakönnunarferli

Stefna um sjálfbærni og samfélags ábyrgð var endurskoðuð af stjórn um mitt ár 2025 en upphaflega var stefnan samþykkt árið 2022. Stefnan lýsir sjálfbærniáherslum Stefnis til lengri tíma og hvernig félagið tileinkar sér sjálfbærni í starfsemi sinni og við stýringu fjármuna samkvæmt umboðsskyldu félagsins. Stefnuna má finna á heimasíðu Stefnis.

Félagið hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem var sömuleiðis endurskoðuð af stjórn um mitt ár 2025 en upphaflega var hún samþykkt árið 2018. Stefnan miðar að því að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi út frá umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Stefnan lýsir með greinargóðum hætti þeirri aðferðafræði sem mismunandi eignaflokkar nýta við ákvarðanatöku en stefnan inniheldur einnig skilgreiningu á sjálfbærniáhrættum sem getur haft áhrif á virði fjárfestinga. Virkt eignarhald er hluti stefnunnar og fylgir Stefnir sérstökum reglum um meðferð umboðsatkvæða og beitir Stefnir hluthafaréttindum í samræmi við mat á hagsmunum sjóðanna m.a. við atkvæðagreiðslu á hluthafafundum. Á árinu setti teymi sérhæfðar fjárfestinga sér stefnu um beitingu hluthafaréttinda í eigu sérhæfðra sjóða en þær leitast við að skýra hlutverk, verksvið og ábyrgð þeirra aðila sem koma að beitingu hluthafaréttinda sjóðanna.

Helstu þættir við samþættingu UFS málefna við fjárfestingaákvæðanir er skimun samkvæmt siðferðilegum takmörkunum og virkt eignarhald. Mikil þróun er í aðferðafræði við samþættingu UFS málefna við fjárfestingar og er mikilvægt að nálgast viðfangsefnið af auðmýkt.

Stefnir fær upplýsingar vegna umhverfispátta frá KPMG en þeir eru reiknaðar miðað við hlutfall starfsfólks í lok árs innan höfuðstöðva Arion banka þar sem Stefnir er til húsa. Við útreikning á umfangi 3 voru notuð gögn um flugferðir, leigubílaferðir og samgöngur starfsmanna ásamt úrgangi og gagnaeyðslu starfstöðvarinnar. Gögn sem snúa að mannauði koma m.a. úr mannauðskerfi móðurfélags Stefnis og gögn sem snúa að stjórnarháttum byggja á stjórnarháttayfirlýsingu Stefnis. Ófjárhagslegar upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og staðfestar með takmarkaðri vissu af endurskoðunarfyrtækinu Deloitte.

Árangur af stefnu um ábyrgar fjárfestingar

Á árinu 2025 var tekið saman í þriðja skiptið fjármagnaðan útblástur gróðurhúsalofttegunda frá eignum sjóða í rekstri Stefnis og birt því tengt skýrslu þar sem koma fram meðal annars upplýsingar um losunarstyrk fjárfestingar fyrir hverja 1 m.kr. fjárfesta í tilteknum sjóðum. Aðferðafræðin sem notuð er

við útreikninginn byggir á aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF), alþjóðlegs samstarfsvettvangs fjármálafyrirtækja sem hefur það meginmarkmið að samræma mat á umfangi losunar gróðurhúsalofttegunda.

Katla Fund Global Equity, erlendum sjóður í stýringu Stefnis, var skilgreindur samkvæmt grein 8 (Article 8) í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálapjónustu (e. SFDR) árið 2022. Frá árinu 2024 hafa sjóðirnir Stefnir - Scandinavian Fund - ESG, Stefnir – Sjálfbær skuldabréf, Stefnir – Grænaval og Stefnir Sustainable Arctic Fund bæst í þennan hóp og upplýsa nú með hvaða hætti er tekið er tillit til áhrifa á sjálfbærni í fjárfestingarákvörðunum sínum og vonast er til að breytingarnar falli vel að óskum viðskiptavina Stefnis. Á árinu 2025 bættist sjötti sjóðurinn, framtakssjóðurinn SÍA V, í hóp sjóða í stýringu Stefnis sem falla undir 8. grein SFDR.

Stefnir hóf samstarf við SoGreen árið 2023 sem framleiðir kolefniseiningarnar í samstarfi við hjálparsamtökin Fawe (www.fawe.org) í Sambíu. Verkefnið felur í sér að tryggja stúlkum í Monze-héraði Sambíu fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun. SoGreen er gott dæmi um íslenska frumkvöðlastarfsemi á sviði sjálfbærni þar sem félagslegt verkefni er nýtt fyrir forðun á kolefnislosun til framtíðar.

Á árinu 2020 tók Stefnir þátt í að undirrita viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Fjármagn er mikilvægt hreyfiafl í mótun atvinnulífs og atvinnusköpunar. Ákvarðanir sem teknar eru í dag munu hafa mikil áhrif á framþróun samfélagsins til næstu ára og því mikilvægt að þær séu teknar með sjálfbærni að leiðarljósi. Með því að nýta fjármagn með markvissum aðgerðum er hægt að viðhalda sjálfbærri þróun og á sama tíma að efla samkeppnishæfni þjóða og framtíð komandi kynslóða.

Mikilvægt er að mannauður Stefnis búi yfir þekkingu og hafi þann stuðning sem þarf til að ná árangri fyrir eigendur í sjóðum Stefnis á sviði UFS málefna og hefur stjórn sérstaklega aðlagð starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins að því markmiði. Kaupaukakerfið á að hvetja starfsmenn til að skapa sjálfbæran langtímaárangur með gagnsæjum hætti þar sem mælikvarðar eru skilgreindir um fjárhagslega og ófjárhagslega þætti þ.m.t. framgang UFS málefna innan félagsins.

Hjá Stefni starfar UFS ráð en það vinnur samkvæmt starfsreglum settum af framkvæmdastjóra, veitir stuðning við samval fjárfestinga og fullvissu um að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett eru í starfsemi Stefnis. Starfsmenn Stefnis, sem eiga sæti í UFS ráði, eru kyndilberar innleiðingar aðferðafræði ábyrga fjárfestinga í alla starfsemi Stefnis. Stjórn og starfsmönnum Stefnis býðst að taka námskeið á vegum PRI Academy í aðferðafræði ábyrga fjárfestinga. PRI Academy er helsti fræðsluvettvangur fyrir þá sem vilja öðlast skilning á því hvernig umhverfismál, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir hafa áhrif á frammistöðu fyrirtækja og auka virði allra haghafa. Starfsfólk Stefnis er virkt í þátttöku UFS málefna en m.a. situr sjóðstjóri í erlendum hlutabréfum í stjórn IcelandSIF ásamt því sætir sérfræðingur Stefnis í sjálfbærni formennsku í fræðsluhóp samtakanna.

Áhrif á loftlagsbreytinga á Stefni og megináhættur

Ófjárhagslegum markmiðum og mælikvörðum sem hafa verið ákveðin af stjórn og stjórnendum Stefnis er reglulega fylgt eftir og niðurstöður eru birtar í sjálfbærnisráðgjafi árlega. Stefnir mun halda áfram að betrubæta hvernig megináhætta sjálfbærniþátta er skilgreind og innleidd í starfsemi. Loftslagáhætta er tvískipt, raunáhætta og umbreytingaráhætta, en henni fylgir einnig orðsporsáhætta og lagaleg áhætta. Áhætta vegna loftlagsmála getur komið í veg fyrir að Stefnir nái markmiðum sínum, en loftslagbreytingar og ferli til að sporna við þeim munu koma til með að hafa umtalsverð áhrif á efnahagslíf og þar af leiðandi á virði fjárfestinga.

Ófjárhagslegir lykilmælikvarðar Stefnis

G2. Óhæði stjórnar: Óháðir stjórnarmenn voru tveir á móti einum háðum stjórnarmanni á árinu 2025.

G5. Siðareglur birgja: Birgjar skulu upplýstir um siðareglur birgja umfram ákveðin fjárhæðarmörk.

G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu: Stjórn samþykkti siðareglur árið 2025 sem endurspeglar þau siðferðisviðmið sem stjórn og starfsmenn vinna eftir en önnur viðmið um sama efni má einnig finna í ráðningasamningum starfsfólks, stefnu um hagsmunaárekstra og starfsreglum stjórnar. Stjórn samþykkti einnig stefnu um baráttu gegn fjármunabrotum árið 2025

G7. Persónuvernd: Stefnir hefur sett sér stefnu um persónuvernd sem sjá má á heimasíðu félagsins.

S4. Kynjafjölbreytni: Hlutfall kvenna í störfum í efsta starfsmannalagi var 33% á árinu 2025 en innan fyrirtækisins var hlutfall kvenna 43%. Markmið stjórnar um aukna fjölbreytni sem sett er fram í stefnu félagsins um fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku lýtur að því hlutfalli kvenna meðal starfsfólks félagsins yrði 40% í lok árs 2025. Það markmið náðist eftir mikinn vilja stjórnenda til þess að fjölbreyttur hópur einstaklinga starfi hjá félaginu sem endurspeglar það samfélag og þá viðskiptavinum sem við þjónustum.

Samþykkt af stjórn Stefnis

25. febrúar 2026

Umhverfi	2025
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda staðbundin losun (tCO ₂ ígildi)	17,3
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda markaðslosun (tCO ₂ ígildi)	17,1
Losun frá umfangi 1	0
Losun frá umfangi 2 staðbundin losun	1,1
Losun frá umfangi 2 markaðslosun	0,8
Losun frá umfangi 3	16,2
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	17,1
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	
Losunarkræfni orku (kgCO ₂ i/MWst)	119,46
Losunarkræfni heildareigna (tCO ₂ i/milljarður ISK)	4,71
Losunarkræfni starfsfólks (tCO ₂ i/fjöldi)	0,78
E3. Orkunotkun	
Heildarorkunotkun (kWst)	142.861
Orka frá rafmagni	37.012
Orka frá heitu vatni	105.849
E4. Orkukræfni	
Orkukræfni starfsmanna (kWst/stöðugildi)	6.494
Orkukræfni heildareigna (kWst/milljarður ISK)	39.464
E5. Samsetning orku	
Endurnýjanleg orka (%)	100
E6. Vatnsnotkun	
Heildar vatnsnotkun (m ³)	3029
E7. Umhverfisstarfsemi	
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu (Já/Nei)	Nei
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu (Já/Nei)	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? (Já/Nei)	Nei
E8. Loftslagseftirlit / stjórn	
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? (Já/Nei)	Nei
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur	
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/stjórnar loftslagstengdri áhættu? (Já/Nei)	Nei
E10. Mildun loftslagsáhættu	
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	-

Félagslegir þættir	2025
S1. Launahlutfall forstjóra	
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna-greiðslna starfsmanna í fullu starfi	2,15
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda (Já/Nei)	Já
S2. Launamunur kynja	
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,64
S3. Starfsmannavelta	
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi (%)	14,6
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi (%)	4,9
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa (%)	0
S4. Kynjafjölbreytni	
Hlutfall kvenna innan fyrirtækis í fullu starfi (%)	43
Hlutfall kvenna í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan (%)	35
Hlutfall kvenna í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar (%)	33
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	
Starfsmenn í hlutastarfi (%)	0
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	0
S6. Aðgerðir gegn mismunun	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? (Já/Nei)	Já
S7. Vinnuslysatiðni	
Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslsins (%)	0
S8. Hnatræn heilsa og öryggi	
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilu og öryggi? (Já/Nei)	Já
S9. Barna- og nauðungarvinna	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? (Já/Nei)	Nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? (Já/Nei)	Nei
S10. Mannréttindi	
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? (Já/Nei)	Já
Ef já, nær, mannréttindastefnan einnig til birgja og seljanda? (Já/Nei)	Já

Stjórnarhættir	2025
G1. Kynjahlutfall í stjórn	
Hlutfall kvenna í stjórn (%)	67
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda (%)	0
G2. Óhæði stjórnar	
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku (Já/Nei)	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna (%)	67
G3. Kaupaukar	
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni (Já/Nei)	Já
G4. Kjarasamningar	
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	100
G5. Siðareglur birgja	
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? (Já/Nei)	Nei
Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglum, í prósentum?	-
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? (Já/Nei)	Já
Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	100
G7. Persónuvernd	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? (Já/Nei)	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? (Já/Nei)	Já
G8. Sjálfbærnisráðgjöf	
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráðgjöf? (Já/Nei)	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? (Já/Nei)	Já
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? (Já/Nei)	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? (Já/Nei)	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP? (Já/Nei)	Nei
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Já